

Sp. 318. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um endurskoðun ákvæða almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á ákvæðum almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur með það fyrir augum að bæta hlut lífeyrisþeganna. Verði sérstaklega athugað, hvort unnt sé:

1. að hækka grunnupphæðir elli-, örorku- og barnalífeyris;
2. að heimila allt að tvöföldun barnalífeyris vegna munaðarlausra barna;
3. að greiða að einhverju leyti lífeyri með barni látinnar móður;
4. að jafna að einhverju eða öllu leyti aðstöðu hjóna og einstaklinga gagnvart tryggingalögunum.

Greinargerð.

Til fjárveitinganefndar hefur verið vísað tveim tillögum um þetta efni, þ. e. tillögu á þskj. 87 frá Jóhönnu Egilsdóttur, um hækkun elli- og örorkulífeyris, og tillögu Ragnhildar Helgadóttur, Jóhönnu Egilsdóttur og Öddu Báru Sigfúsdóttur á þskj. 94, um endurskoðun á ákvæðum um barnalífeyri.

Nefndin hefur athugað tillögur þessar og leitað álits Tryggingastofnunarinnar um þær.

Þykir nefndinni augljóst, að hækkunir á lífeyrisgreiðslum, sem tillögurnar miða að, séu meiri en svo, að nefndin geti á þessu stigi mælt með þeim, en vill hins vegar taka undir það, að endurskoðun sé látin fara fram á lífeyrisgreiðslu-ákvæðum almannatryggingalaganna og rannsakað, hvort ekki sé unnt að koma að einhverju leyti til móts við þær óskir um bættu aðstöðu lífeyrisþega, sem fram koma í nefndum tillögum. Er tillaga þessi flutt sem afgreiðsla nefndarinnar á áðurgreindum tillögum.